

Páfaveldið var fallið svo djúpt sem það komst. Það var alment mál, að algjör dauði þess væri fyrir dyrum. Það var hlegið að skrauti þess og kröfum. Páfinn var nærri hlægileg persóna.

Enginn gjörði sér háar vonir um hinn nýja páfa, þeir álitu, að þessi gamli guðhræddi maður mundi halda hinum helga lampa með veikri hönd og láta loga hægt og rólega, þangað til hinn eftirþráði dagur kæmi, þegar hið jarðneska lífsljós sloknaði og lokið væri hinu þreytandi erviði og hann flytti til sælli landa hinumegin. Leo var þá sjötugur að aldri.

Það var almenn skoðun þá, að ekki væri hægt að endurreisa páfavaldið, nema vinna kyrkjuríkið aftur undir stjórn páfans. Það eitt veitti honum vald og tign. Og fyrstu árin heyrðist nær ekkert til Leo. Hann kynti sér ástandið, hugsaði og yfirvegaði. En smám saman varð ítalska stjórnin þess vör, að hún átti meinhygginn, þrautseigan móttöðumann í Vatíkaninu. Hann varaðist að gjöra nokkur mistök, sýndi aldrei móttöðumönnum sínum viðkvæman stað á sér, gaf þeim aldrei höggfæri. En hann sá sig aldrei úr færi að nota öll þeirra mistök. Auðsjáanlega stefndi hann að því, að rétta við aftur kyrkjuríkið. En hann vann að því með meira affli og öðrum meðöllum en formenn hans. Ítalska stjórnin sá það brátt, að tilraunir páfans til að efla sitt veraldlega vald, náðu yfir allan heiminn. Það skifti litlum tíma þangað til hinn vitri og varfærni maður í Vatíkaninu hafði áunnið það, að stjórnendur heimsins tóku eftir orðum hans, sáu að enda í veraldlegum málum var hér maður, sem varð að taka með í reikninginn.

Allir höfðu búist við að drekka erfiðl páfaveldisins. Nú reis það upp með nýju lífi. Smám saman fór páfinn að hlutast til um alt, og beitti þar bæði hyggindum og varfærni. Hann var ekki lengur hinn ömurlegi einkisvirti kyrkjufaðir á Ítalíu. Að reisa við aftur hið veraldlega kyrkjuríki, það var eins og aukatriði, fyrir rás viðburðanna, í tilraunum hans til að endurreisa hið veraldlega alheimsvald páfans. Hann kynti sér allar ástæður heimsríkjanna. Hann vildi ná því valdi, að vera alstaðar hinn „heilagi faðir“. Hann fór að ráða heilræði konungum og